

Sveitarfélagið
ÁRBORG

**GREINARGERÐ MEÐ FRUMVARPI
AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2010**

9. desember 2009



Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2010

I. Inngangur

Greinargerð þessi fylgir fjárhags- og framkvæmdáætlun Sveitarfélagsins Árborgar vegna ársins 2010. Fjárhagsáætlun ársins 2010 einkennist af erfiðu efnahagsástandi í landinu og því að þungt er fyrir fæti í rekstri sveitarfélaga. Sveitarfélög sem uxu með þeim ógnarhraða sem Sveitarfélagið Árborg gerði á árunum 1998 - 2008 og þurftu að takast á við gríðarlega mikla uppbyggingu til að bregðast við þörfum íbúa og atvinnulífs, finna verulega fyrir kreppunni.

Sveitarfélagið Árborg er öflugt sveitarfélag með fjölbreytta búsetukosti. Sveitarfélagið hefur stækkað hratt frá því það varð til við sameiningu fjögurra sveitarfélaga árið 1998 og þjónusta og atvinnulíf hafa vaxið í samræmi við það. Mikill félagsauður er í samfélaginu og mikið hefur reynt á þann styrk á síðustu misserum. Íbúar voru rétt að ná áttum eftir Suðurlandsskjálftann vorið 2008 þegar efnahagshrunið dundi á þjóðinni. Í kjölfarið fylgdi mikil óvissa og margir hafa orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni, atvinnumissi og jafnvel eignamissi. Því má segja að viðfangsefni bæjaryfirvalda og íbúa sé umfangsmikið, endurreisn eftir átakatímabil, þar sem velferð íbúa og framtíðarmöguleikar sveitarfélagsins eru í húfi. Þá kemur sér vel að sveitarfélagið byggir á traustum grunni, eignastaða er sterk og sköpunarkrafturinn mikill.

Í skýrslu fjármálaráðuneytisins, Þjóðarbúskapurinn, haustskýrsla 2009 segir m.a.um stöðu og horfur sveitarfélaga::

Á næsta ári er gert ráð fyrir að bæði gjöld og tekjur dragist saman, en gjöld þó hægar en tekjur. Samdráttur tekna skýrist að mestu af minni skatt- og vaxtatekjum. Samkvæmt spánni er samneysla nánast sú sama að krónutölu milli ára en fjárfesting dregst talsvert saman. Vaxtagjöld hækka áfram og þyngist því vaxtabyrðin. Samkvæmt spánni mun tekjuhallinn því versna það ár og nema 20,5 ma.kr. eða sem nemur 1,3% af landsframleiðslu. Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að staða sveitarfélaga batni, þar sem tekjur aukast talsvert meira en gjöld. Aukning tekna stafar að mestu leyti af auknum skatttekjum en gjöld hreyfast lítið í ljósi áframhaldandi lítillar fjárfestingar. Áætlað er að

tekjuhalli sveitarfélaganna muni nema 14,6 ma.kr. eða 0,9% af landsframleiðslu árið 2011. (bls.41)

Fjárfestingarstig sveitarfélaga hefur verið hátt undanfarin ár, þá sérstaklega hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og vaxtarsvæðinu. Fjárfestingar í skólakerfi, gatnagerð og íþróttamannvirkjum jukust undanfarin ár með auknum fjölda íbúa í sveitarfélögum og greiðum aðgangi að fjármagni. Líklegt er að dragi mjög úr slíkum framkvæmdum og ekki verði af öllum þeim áformum sem til stóðu þar sem aðgangur að lánsfé er mjög takmarkaður. Þannig er gert ráð fyrir að fjárfesting sveitarfélaga dragist saman um 55,6% á árinu 2009 og nemi þar með tæpum 19 ma.kr. í lok árs.

Samkvæmt spánni mun fjárfesting sveitarfélaga áfram dragast töluvert saman eða um 38,6% á árinu 2010. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti fjárfestingar hins opinbera á árinu 2011 (bls.20)

Til að laga þjónustu og rekstur sveitarfélagsins að breyttum veruleika þá hefur þurft að yfirfara alla þætti rekstrar til að draga úr rekstrarkostnaði. Á næstu árum þurfa að fara fram enn frekari greiningar á rekstri einstaka þjónustuþátta og taka þarf ákvarðanir um hvert þjónustustig sveitarfélagsins eigi að vera til framtíðar. Þetta er verkefni sem flest sveitarfélög í landinu munu þurfa að takast á við. Mörg sveitarfélög munu þurfa að hækka álögur á íbúa, a.m.k. tímabundið, gjaldskrár munu hækka, þjónustustig breytast og gera má ráð fyrir að framkvæmdir á vegum sveitarfélaga í landinu dragist verulega saman á næstu misserum. Fjárhagsáætlunin sem nú er lögð fram til fyrri umræðu tekur mið af framangreindum aðstæðum og efnahagsspám fyrir næstu árin.

II. Almenn um rekstrarumhverfi sveitarfélaga

Starfsemi sveitarfélaga lýtur sérstakri löggjöf og má skipta lagaramma þeirra í tvennt.

Annars vegar er um að ræða lög sem setja almennan ramma utan um starfsemi sveitarfélaga. Nefna má hér sem dæmi stjórnarskrá, sveitarstjórnarlög, lög um tekjustofna sveitarfélaga, stjórnsýslulög og upplýsingalög.

Hins vegar eru sérlög á ýmsum valdsviðum sveitarfélaga. Þar má nefna sem dæmi grunnskólalög, skipulags- og byggingarlög og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þessa hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu. Einnig hafa þau tekjur vegna þjónustugjalda, svo sem leikskólagjalda, sorphirðugjalda, leyfisgjalda o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.


Sveitarfélögum er skylt að annast þau verkefni sem þeim eru falin skv. lögum og þau setja sér gjaldskrá vegna þjónustu sem þau veita í gegnum eigin fyrirtæki og stofnanir til að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem fyrirtækin og stofnanirnar annast. Ekki er þó um að ræða heimild til gjaldtöku á öllum sviðum og sá málaflokkur sem tekur til sín stærst hlutfall af skatttekjum, grunnskólinn, er gjaldfrjáls enda um að ræða grundvallarpátt velferðarsamfélagsins sem allir íbúar eiga jafnan aðgang að.

Meðal verkefna sem almennt er ríkur vilji til að sveitarfélög leggi lið, en eru einungis að takmörkuðu leyti lögbundin, má nefna uppbyggingu íþróttamannavirkja og stuðning við íþróttastarf. Skv. lögum er bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota í verkahring sveitarfélaga nema með öðrum hætti sé fyrir mælt í lögum. Sveitarstjórnir veita svo styrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags og fer í fyrsta lagi eftir fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins á hverjum tíma og síðan eftir forgangs röðun stjórnvaldsins á hverjum tíma.

Eins og fram hefur komið þá hafa rekstraskilyrði sveitarfélaga gjörbreyst á umliðnu ári en lagalegar skyldur er enn hinar sömu og munu að líkindum aukast fremur en hitt á næstu árum.


III. Um Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Árborg er áttunda stærsta sveitarfélag landsins. Þann 1. desember 2008 voru íbúar 7.928 talsins en þann 1. desember s.l. voru þeir 7844. Íbúum hefur fækkað um 92 síðustu 12 mánuði sem nemur um 1,16% fækkun. Á árunum 1998 til 2008 fjölgaði íbúum í Árborg úr 5500 í um 7900, eða um 2400 manns og var íbúafjölgun óvíða á landinu jafn mikil.



Þessi íbúafjölgun kallaði á hraða uppbyggingu þjónustu, húsnæðis, gatnagerðar, veitna o.fl.. Frá árinu 2002 til dagsins í dag hafa fjárfestingar til varanlegra rekstrarfjármuna numið 7.026 millj.kr. og á sama tíma hafa heildarlántökur til þessara verkefna verið 6.396 millj.

Skuldir Sveitarfélagsins Árborgar eru að stærstum hluta verðtryggð lán í íslenskum krónum en erlendar skuldir nema nú rúmlega 14 % af heildarskuldum Árborgar. Það gefur því auga leið að mikil verðbólga og slakt gengi íslensku krónunnar síðasta árið hefur haft mikil áhrif á rekstur og skuldastöðu sveitarfélagsins. Á myndinni hér að neðan má sjá samspil fjárfestinga og lántöku hjá Árborg frá árinu 2002. Flest árin hafa lántökur verið nokkru lægri en fjárfestingar. Árin 2007 og 2008 skera sig úr en á árinu 2007 voru lánskjör óhagstæð og því fór langtímafjármögnun vegna fjárfestingar ársins að stórum hluta fram á árinu 2008. Lántökur að upphæð 565 millj.kr sem áætlaðar eru á árinu 2010 eru að nokkru leyti til að fjármagna afborganir eldri lána en þær eru áætlaðar um 871 millj.kr.



Meðal stærri fjárfestinga á síðustu árum má nefna Sunnulækjarskóla, skólahúsnæði fyrir 500-550 nemendur ásamt íþróttasal sem sérstaklega er útbúinn fyrir fimleika, tvo sex deilda leikskóla á Selfossi, viðbyggingu við leikskóla á Stokkseyri, byggingu nýs grunnskóla á Stokkseyri, endurbyggingu knattspyrnuvallar og frjálsíþróttaleikvangs á Selfossi, byggingu útiklefa við Sundhöll Selfoss, upphitaðan gervigrasvöll á Selfossi, fjóra battavelli í Árborg, nýtt gámasvæði, mikla endurnýjun í götum, göngu- og hjólreiðastígum og reiðstígum, vatnsveitu og hitaveitu, nýtt sniðræsi fráveitu, gatnagerð og undirbúning nýrra íbúðahverfa og atvinnulóða.

Eignir sveitarfélagsins eru gríðarlega miklar þó svo bókfært verð þeirra endurspeglir ekki þá mynd. Má sem dæmi taka að verðmæti Selfossveitna má áætla mun hærra en fram kemur í ársreikningum. Sama má segja um verðmæti fráveitu, gatnakerfis, húsnæðis leik- og grunnskóla og Leigubústaða svo dæmi séu tekin. Þá á sveitarfélagið 2.990 ha af óræktuðu landi auk lands undir framtíðar íbúðabyggð á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri.

Meðaltekjur á íbúa í Árborg eru nokkuð undir landsmeðaltali og endurspeglar það m.a. í útsvarstekjum sveitarfélagsins en á árinu 2008 námu þær 273.686 kr. á íbúa samanborið við 311.655 kr. á íbúa skv. landsmeðaltali (Árbók sveitarfélaga 2008). Þetta þýðir að ef útsvarstekjur á íbúa í Árborg væru í meðaltali þá hefði sveitarfélagið a.m.k. 300 millj.kr. hærra tekjur á ári en nú er raunin. Af tíu stærstu sveitarfélögum landsins hefur Árborg lægstar útsvarstekjur á íbúa. Í samræmi við þetta þá eru rekstrargjöld önnur en laun og

launatengd gjöld mun lægri í Árborg en öðrum af tíu stærstu sveitarfélögum landsins. (Árbók sveitarfélaga 2008) hvort sem skoðaður er sveitarsjóður eða samantekin reikningsskil. Hins vegar er launakostnaður svipaður og annarsstaðar enda kjarasamningar sambærilegir eða þeir sömu um allt land, enda er þjónustustig í sveitarfélaginu eins og best gerist í sveitarfélögum af þessari gerð. Hjá sveitarfélaginu starfa nú rúmlega 600 starfsmenn í 445 stöðugildum.

Fjölbreytt þjónusta hefur verið sett í gang á kjörtímabilinu og má þar nefna almenningssamgöngur innan Árborgar og milli Árborgar og Reykjavíkur, opnuð var á þessu ári dagdvöl fyrir fólk með minnissjúkdóma, Pakkhúsið, ungmennahús, tók til starfa fyrir rúmu ári síðan, teknar voru upp hvatagreiðslur vegna tómsundapátttöku barna og ungmenna, forvarnarstarf hefur verið stóreflt, samstarf við félög og einstaklinga á sviði lista- og menningarmála hefur verið eft, stuðningur stóraukinn við íþrótt- og æskulýðsfélög og við FSu í gegnum íþróttakademiurnar og umhverfismál hafa fengið sérstakan sess í starfsemi sveitarfélagsins. Þá hefur sveitarfélagið stutt dyggilega við starfsemi háskóla- og rannsóknarstofnana, t.d. Háskólafélags Suðurlands, þekkingarseturs HÍ í landnýtingu, Fræðslunets Suðurlands og Rannsóknarmiðstöðvar í jarðskjálftavísindum, m.a. með því að leggja til húsnæði á vægu verði. Ýmis önnur þjónusta hefur verið stórefld, t.d. við barnafjölskyldur með auknum niðurgreiðslum vegna daggæslu í heimahúsum og kostnaðarpátttaka foreldra vegna leikskóladvalar barna hefur lækkað úr u.þ.b. 30 % af heildarkostnaði og niður fyrir 20 %.

Í nóvember 2008 voru rúmlega 40 % fyrirtækja í Árborg starfrækt á sviði byggingariðnaðar, mannvirkjagerðar og fasteignaviðskipta. Það gefur því auga leið að atvinnulífið í sveitarfélaginu var mjög viðkvæmt fyrir hruninu og því mikilvægt að góður stuðningur sé við nýsköpun og endurreisn atvinnulífsins. Sveitarfélagið Árborg á 37 % hlut í Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands en starfsemi þess er öflug og hefur sveitarfélagið verið í góðu samstarfi og samráði við ráðgjafa félagsins á s.l. ári. Sveitarfélagið hefur lagt ríka áherslu á að halda úti atvinnu fyrir ungmenni, vinnuskólinn var fjölmennari en nokkru sinni fyrr s.l. sumar og áætlað er að hann starfi af krafti sumarið 2010. Þá hefur Árborg tekið þátt í nokkrum átaksverkefnum í samstarfi við Vinnumálastofnun á árinu 2009. Atvinnuleysi í Árborg var 6,6 % í október s.l. en var 9,8 % í apríl s.l..

Á síðasta ári hefur farið fram mikil hagræðing og allnokkur niðurskurður í rekstri sveitarfélagsins. Telja má að ekki verði lengra gengið í þeim efnum án þess að gera verulegar breytingar á þjónustustigi sveitarfélagsins.

Hrunið í október 2008 og afleiðingar þess ógna nú þeirri fjölbreyttu og metnaðarfullu þjónustu sem Sveitarfélagið Árborg hefur þróað og byggt upp á síðustu árum. Hið stóra og vandasama verkefni stjórnmalanna verður á allra næstu árum að halda áfram endurreisn samfélagsins samhliða því að stilla saman tekjur og gjöld þannig að reksturinn standi undir sér og afgangur verði til niðurgreiðslu lána og framkvæmda.

IV. Forsendur fjárhagsáætlunar 2010

Undirbúningur og vinna við gerð fjárhagsáætlunar hefur staðið frá s.l. vori og byggir á sömu megináherslum og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Í kjölfar hrunsins í október 2008 samþykkti bæjarstjórn Árborgar yfirlýsingu þar sem m.a. segir:

“Bæjarstjórn Árborgar lítur á það sem eitt af brýnustu verkefnum sínum næstu misserin að standa vörð um góða velferðar- og félagsþjónustu svo samfélagið beri sem minnstan skaða af þeim áföllum sem nú ríða yfir.”

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 byggir á sömu gildum og endurspeglast í þessum orðum og í því erfiða rekstrar- og efnahagsumhverfi sem nú ríkir í landinu mun bæjarstjórn Árborgar forgangsraða með þetta að leiðarljósi.

Eftirfarandi forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 voru samþykktar í bæjarráði þann 12. nóvember s.l.:

1. Útsvar :
Útsvar fyrir árið 2010 verði 13,28 %
2. Verðlag og gengi :
Verðbólga 5%
Gengisvísitala 230
3. Aðrar forsendur :
Íbúafjöldi : Gert er ráð fyrir óbreyttum íbúafjölda.
4. Fasteignagjöld :
Fasteignagjöld fyrir árið 2010 verði lögð á sem hér segir :
 - a. Fasteignaskattur
 - i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í 3.gr. laga nr. 4/1995 verður 0,35% af heildar fasteignamati.
 - ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.

- iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. laga nr. 4/1995 verður 1,65% af heildarfasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.

b. Lóðarleiga

- i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
- ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,0% af fasteignamati lóðar.

c. Vatnsgjald

- i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,17% af heildar fasteignamati eignar.
- ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m³ notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m³ miðað við grunnvísitölu septembermánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.

d. Fráveitugjald

- i. Fráveitugjald er 0,275% af heildarfasteignamati eignar.
- ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.

e. Sorphirðugjald

- i. Íbúðarhúsnæði

Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð. Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

	120 lítra tunna	240 lítra tunna
Gjaldtegund :		
Sorphreinsunargjald (kr./ár)	13.050	13.050
Sorpeyðingargjald (kr./ár)	9.250	14.950
Samtals (kr./ár)	22.300	28.000

- ii. Sumarhús

Heimild er að veita 50% afslátt frá sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar.

5. Afslættir

- a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tólmstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka

eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfsemina skv. reglum þar um.

Í fjárhagsáætlun vegna ársins 2009 voru fasteignagjöld ekki hækkuð. Ekki voru heldur gerðar hækkanir á sorphirðugjöldum á yfirstandandi ári. Álagning á íbúðarhúsnæði lækkaði úr 0,4 % í 0,276 % á árunum 2003 -2008 og á atvinnuhúsnæði úr 1,6 í 1,472 % á sama tíma. Eins og fram hefur komið þá er nú gert ráð fyrir hækkun á fasteignagjöldum í flokkum a) og c). Sem dæmi um áhrif vegna hækkunar á flokki a) má nefna 120 fermetra íbúðarhús þar sem fasteignagjöld fyrir árið 2009 voru 241.195 kr. en verða á árinu 2010 258.384 kr. Áhrif af hækkun álagningarhlutfalls á húsnæði í flokki c), atvinnuhúsnæði, hesthús o.fl. eru lítil þar sem fasteignamat í þeim flokki lækkaði milli ára.

Þann 1. desember s.l. var sorpurðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu lokað og þarf nú að aka sorpi til urðunar til Sorpu í Gufunesi. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér verulegan kostnað fyrir sveitarfélög á Suðurlandi og veldur mikilli hækkun sorphirðugjalda í byggðarlaginu. Sorphirða og urðun er þjónusta sem sveitarfélögum er gert að kosta með því að innheimta þjónustugjöld af notendum, þ.e. íbúum, og er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði. Til þess að draga úr urðunarkostnaði, og til að mæta auknum kröfum í umhverfismálum almennt, mun SÁ afhenda s.k. Blátunnu við hvert heimili í Árborg en í hana á að setja allan pappír sem til fellur á heimilum, utan bylgjupappa. Tunnan verður afhent við hvert heimili í janúar n.k. og verður fyrst hirt í byrjun mars. Áætlað er að Blátunna verði losuð á sex vikna fresti. Pappírinn fer til endurvinnslu og því mun ódýrara að losna við hann heldur en almennt sorp sem fer til urðunar. Breytingar á urðunarstað eru meginorsök mikillar hækkunar á sorphirðugjöldum í Árborg en einnig er með þessum hækkunum reynt að nálgast raunkostnað við förgun úrgangs.

Á árinu 2009 urðu ekki gjaldskrárhækkanir á velferðarþjónustu í Árborg en í áætlun fyrir árið 2010 er almennt gert ráð fyrir 10 % hækkun þjónustugjalda. Verðbólga ársins 2008 var um 18 % og verðbólga ársins 2009 verður að líkindum um 8 % þannig að hækkun um 10 % nær ekki að vega upp kostnaðarauka vegna þjónustunnar. Leikskólagjöld hækkuðu síðast í janúar 2007 um 5 % en voru síðan lækkuð um 15 % í apríl sama ár. Nú verður ekki hjá því komist að hækka leikskólagjöld vegna ýmissa hækkana sem sveitarfélagið hefur ekki stjórn á, t.d. á tryggingargjaldi launa, kjarasamningsbundnum launahækkunum, verðbólgu, verðlagshækkunum á vörum og þjónustu og vegna tekjulækkunar hjá sveitarfélaginu.

V Megináherslur

Lögð er rík áhersla á að standa vörð um velferðarþjónustuna með sérstakri áherslu á málefni barna og ungmenna. Byggir sú forgangsröðun m.a. á reynslu annarra þjóða sem gengið hafa í gegnum alvarlegar efnahagskreppur á síðari tímum. Framkvæmdir verða í lágmarki og veltur framvinda mála af fjármögnunarmöguleikum á árinu 2010 og því hvernig rekstrarumhverfið almennt þróast.

Við vinnslu þessa frumvarps hefur verið lögð rík áhersla á að gjaldskrár vegna velferðarþjónustu sveitarfélagsins hækki ekki meira en nauðsynlegt getur talist en gert er ráð fyrir 10 % hækkun á allar gjaldskrár velferðarþjónustu.

Á árinu 2009 var sem fyrr segir ekki um að ræða hækkanir á gjaldskrár vegna leikskóla, skólavistunar, skólamáltíða, ferðarþjónustu fatlaðra og aldraðra, félagslegrar heimaþjónustu, sundlauga og bókasafna. Það þýddi að sveitarfélagið tók á sig þá hækkun sem varð vegna launahækkana og verðbólgu á árinu 2008.

Systkinaafsláttur á leikskóla og skólavistun verður óbreyttur, 25 % afsláttur er veittur fyrir annað barn í fjölskyldu og frítt er fyrir þriðja barn. Afsláttur þessi gildir milli allra dagvistunarstiga, dagforeldra, leikskóla og skólavistunar. Niðurgreiðslur til foreldra vegna vistunar barna í heimahúsum verða frá og með næstu áramótum kr. 27.000 fyrir 8 tíma vistun en það er lækkun um 10 %.

Áfram verður frítt í sund fyrir yngri en 18 ára og hvatagreiðslur vegna tómsundaiðkunar barna og ungmenna verða sem fyrr kr. 10.000 fyrir hvert barn. Gott félags-, tómsunda- og menningarstarf Pakkhússins, ungmennahúss og félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuzar, ásamt gjaldfríu sundi og hvatagreiðslum eru mikilvægur liður í því að hlúa vel að börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir fjölmennum hópi ungmenna í Vinnuskóla Árborgar næsta sumar en aðsóknin s.l. sumar var meiri en nokkru sinni fyrr.

Leitað var eftir samkomulagi við íþrótt- og æskulýðsfélög í Árborg um tímabundna lækkun samningsbundinna framlaga frá sveitarfélaginu á árinu 2010 og var því vel tekið. Það er þakkarvert og skiptir miklu máli í þeim víðtæku aðgerðum sem nú þurfa að eiga sér stað í samfélaginu. Framlög til þessara málaflokka eru engu að síður mikil enda starfsemin líklega sjaldan mikilvægari en einmitt nú. Þá mun sveitarfélagið halda áfram stuðningi sínum við íþróttakademíur Fjölbrotaskóla Suðurlands.

Framlög til barnaverndar verða óbreytt og nýr samningur um ART meðferð í barnaverndarmálum styrkir enn frekar það mikilvæga starf. Öflugt forvarnarstarf er mikilvægt á tímum sem þessum. Forvarnarstefna og aðgerðaáætlun Árborgar eru nú í

endurskoðun en að því verkefni kemur stór hópur fólks víða að úr samfélaginu. Forvarnarstefnan tekur til málefna barna frá fæðingu til fullorðinsára og er það álit þeirra fjölmörgu aðila sem unnið hafa í samræmi við stefnuna og aðgerðaáætlunina að hún hafi ótvírætt sannað gildi sitt.

Gert er ráð fyrir að framfærslugrunnur vegna fjárhagsaðstoðar verði hækkaður í samræmi við breytingar á neysluvísitölu sem reikna má með að verði um 9,72%. Á tímum mikilla hækkana og vaxandi atvinnuleysis og greiðsluafiðleika fjölskyldna verður ekki hjá því komist að leggja aukna áherslu á þennan þjónustubátt hjá sveitarfélaginu.

Laun bæjarfulltrúa verða óbreytt frá árinu 2009 en þá lækkuðu þau um 15 % ,sama gildir um laun nefnda sem lækkuðu um 10 % 2009. Þá hefur verið framlengt samkomulagi við bæjarstjóra um að laun hans verði áfram 15 % lægri en samningur kveður á um og jafnframt er framlengt samningum við ákveðna hópa stjórnenda sveitarfélagsins um tímabundna lækkun launa um 7-10 %. Fjöldi starfsmanna hefur orðið fyrir tímabundinni skerðingu á starfshlutfalli, yfirvinna hefur lækkað hjá mörgum, bifreiðastyrkir verið lækkaðir og nokkrar uppsagnir munu taka gildi um næstu áramót. Kostnaður vegna yfirvinnu, aksturs og ýmissa starfsmannatengdra verkefna hefur verið lækkaður verulega og gætt verður ítrasta aðhalds í rekstri almennt.

Á sama tíma og mikilvægt er að hugsa vel um gæði og metnað í skólastarfi þá verður ekki hjá því komist að endurskoða ýmsa þætti í skipulagi og starfsemi grunn- og leikskóla. Þar sem grunnskólinn er útgjaldamesta verkefni sveitarfélaganna þá er nauðsynlegt að fram fari nákvæm skoðun og greining á þessum rekstrarþætti og ljóst að ná þarf fram enn frekari hagræðingu í rekstri bæði á næsta ári og ekki síður til framtíðar. Það sama er uppi á teningnum í fjölmörgum sveitarfélögum í landinu. Mikilvægt er að samhliða sé rík áhersla á gæði í skólastarfi og er ástæða til að hafa sérstaka gát á þeim þætti í þeim efnahagsþrengingum sem nú eru. Skv. upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þá er rekstrarkostnaður grunnskóla í Árborg með líkum hætti og almennt gerist í sambærilegum sveitarfélögum, jafnvel aðeins undir meðaltali.

Menntamálaráðherra hefur nú til umfjöllunar erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að gerð verði breyting á lögum um grunnskólann á þann veg að stytta lágmarkskennslutíma í grunnskóla um 3-4 kennslustundir á viku. Komi slíkar breytingar til framkvæmda mun það geta lækkað rekstrarkostnað í Árborg um nokkra tugi milljóna á ári hverju.

Þrátt fyrir mikið aðhald í rekstri er gert ráð fyrir að vinna sérstaklega að markaðssetningu og kynningu á sveitarfélaginu til þess að stuðla að fjölgun ferðafólks sem viðkomu hefur í

Árborg og jafnframt til að kynna sveitarfélagið enn frekar sem ákjósanlegan kost til búsetu og atvinnuuppbyggingar. Einnig er gert ráð fyrir að vinna enn frekar að umhverfismálum og því að auka sjálfbærni í sveitarfélaginu, m.a. með fræðslu og kynningarstarfi en aukin umhverfisvitund meðal íbúa er líkleg til að spara fjármuni á mörgum sviðum. Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir skipulagningu lóðar fyrir fjölorkustöð í Árborg og er vinna þegar hafin við undirbúning. Þá er stefnt að því að vinna áfram að uppbyggingu við íþróttavallarsvæðið við Engjaveg á Selfossi en með því fær íþróttafólk í sveitarfélaginu enn betri aðstöðu og unnt verður að fjölga enn frekar þeim viðburðum sem fram fara og laða að fjölda gesta ár hvert.

VI. Helstu fjárhagslegar breytingar einstakra málaflokka milli áráanna 2009 og 2010

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2010 verði óbreyttar frá árinu 2009. Útsvar lækkar um 4%, fasteignaskattar og lóðarleiga nettó hækka um rúm 14%. Áætlað er að framlag frá Jöfnunarsjóði lækki um 21,5% frá árinu 2009 þó áætluð fjárhæð gefi til kynna að einungis sé um 15 % lækkun að ræða. Ástæðan er sú að á árinu 2009 fékk Árborg 30 millj.kr. aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ekki er í hendi árið 2010.

02 Félagsþjónusta

Fjárheimildir til félagsþjónustunnar hækka um 14,6 millj.kr. milli ára. Hækkunin skýrist af hækkunum á húsaleigubótum um 11,2 millj.kr. og aukningu um 3,9 millj.kr. til málefna fatlaðra. Á móti þessum hækkunum ýmist hækka eða lækka aðrar deildir innan málaflokksins lítillega.

04 Fræðslumál

Fjárheimildir til fræðslumála hækka um 79,6 millj.kr. milli ára. Framlag til Sunnulækjarskóla eykst um 58,4 millj.kr. sem skýrist af auknum launakostnaði þar sem það fjölgar um einn árgang í skólanum og einnig er um að ræða hækkun á innri leigu. Framlag til Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri eykst um 50 millj.kr. sem skýrist af auknum launakostnaði og aukinni innri leigu sem komin er til vegna nýrrar skólabyggingar. Framlag til Vallaskóla lækkar um 34 millj.kr.. Framlag til leikskólanna Álfheima, Árbæjar, Æskukots og Jötunheima hækkar og skýrist það af lægri tekjum, en tekjur voru ofáætlaðar árið 2009, og hækkun á innri leigu. Framlag til leikskólanna Hulduheima og Brimvers lækkar og skýrist það af lækkuðum launakostnaði.

Niðurgreiðslur dagvistunar hjá dagforeldrum hækkar um 2 millj.kr. þrátt fyrir 10 % skerðingu þar sem aukin eftirspurn hefur verið eftir þjónustunni.

05 Menningarmál

Fjárheimildir til menningarmála lækka um 8,5 millj.kr. milli ára. Framlög til hátíðarhalda lækka um 4,5 millj.kr. og styrkir lækka um 2 millj.kr.

06 Íþrótt- og æskulýðsmál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 15,7 millj.kr. Skýrist það fyrst og fremst af því að innri leiga hækkar mikið og vegur þar þyngst aukin fjárfesting í íþróttavellinum við Engjaveg. Framlag til félagsmiðstöðvarinnar lækkar um 7,2 millj.kr. og framlag til Pakkhússins lækkar um 6,1 millj.kr.

07 Bruna- og almannavarnir

Lækkunin í þessum málaflökki skýrist af lækkuðu framlagi til Brunavarna Árnessýslu vegna fjölgunar aðildarsveitarfélaga í byggðarsamlaginu.

08 Hreinlætismál

Fjárheimildir til hreinlætismála lækka um 16,7 millj.kr. þrátt fyrir að sorpeyðingargjald hækki um 93%. Samningar um sorphirðu og sorpeyðingu hækka mikið á árinu vegna lokunar urðunarstaðarins í Kirkjuferjuháleigu. Hækkun tekna vegur upp á móti þessum hækkunum en sveitarfélagið hefur undanfarin ár greitt töluverða fjárhæð með sorphirðu sem ætlað er að standa undir sér.

09 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til málaflokksins lækka lítillega en kostnaður vegna sérfræðings umhverfismála kemur nú að fullu inn á deildina, var áður að hluta til í deild 11, umhverfismál. Innri leiga hækkar um 10% og fasteignaskattur hækkar um 40% á lóðum og lendum sveitarfélagsins. Almennur rekstrarkostnaður, sérstaklega sérfræðipjónusta, hefur verið skorinn mikið niður og launakostnaður einnig en fyrrgreindar hækkunir vega á móti þeim lækkunum.

10 Umferðar- og samgöngumál

Fjárheimildir til málaflokksins lækka lítillega. Innri leiga á gatnakerfi hækkar um 20 millj.kr. Launakostnaður lækkar um 3 millj.kr., kostnaður vegna Strætó á Árborgarsvæðinu lækkar um 5 millj.kr. og kostnaður við strætó milli Árborgar og Reykjavíkur lækkar um 12,7 millj.kr.

11 Umhverfismál

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 6,7 millj.kr. Rekstrarkostnaður í málaflokknum ýmis opin svæði er lækkaður um 20% og 50% lækkun er á styrkjum í málaflokknum.

13 Atvinnumál

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 8,6 millj.kr. en framlag til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 9,9 millj.kr. fellur niður árið 2010.

21 Sameiginlegur kostnaður

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 23 millj. kr. milli ára. Launakostnaður lækkar um tæp 9%, styrkir og framlög lækka, framlag til SASS lækkar og starfsmannakostnaður lækkar. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga 5,5 millj.kr. fellur undir þennan málaflokk.

VII. Nokkrar lykiltölur

Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 4.345,9 millj.kr. á árinu 2010. Hlutur skatttekna (útsvars, fasteignagjalda og Jöfnunarsjóðs) í samanlögðum tekjum í A-sjóði er 3.002 millj.kr. eða 83,98%. Áætlaðar skatttekjur lækka um tæp 3% frá árinu 2009. Útsvar lækkar um 4%, framlög frá Jöfnunarsjóði lækka um 21,5% og fasteignaskattar og lóðarleiga nettó hækka um rúm 14%.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar og Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 383 þús.kr., skuldir á íbúa verða 826 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 939 þús.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða er jákvæð um 583,8 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 348 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 665,5 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því neikvæð um 429,7 millj.kr. Veltufé samstæðunnar frá rekstri er áætlað jákvætt um 229,5 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 871 millj.kr. Heildarlaunakostnaður er áætlaður 2.244 millj.kr. sem er 51,7 % af heildartekjum og um 74,8 % af skatttekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 1.518 millj.kr.

Í samanburði við endurskoðaða áætlun 2009 munu rekstrarútgjöld án launa og afskrifta aukast um 104 millj.kr. eða um 7,4%. Skýrist þessi hækkun að stærstum hluta af hærri húsnæðiskostnaði hjá stofnunum sveitarfélagsins auk þess sem um nokkra magnaukningu er að ræða s.s. íþróttavallarsvæðið við Engjaveg, nýtt skólahúsnæði á Stokkseyri og nýja útlefa við Sundhöll Selfoss. Áætluð lækkun launakostnaðar er 1,8 % milli ára eða 40,2 millj.kr. þrátt fyrir hækkun tryggingagjalds og kjarasamningsbundnar hækkunar. Heildartekjur samstæðunnar hækka um 6,5 millj.kr. eða um 0,15 %. Sveitarfélagið er stór vinnuveitandi með um 615 starfsmenn í 445 stöðugildum og heildarlaunagreiðslur sem fyrr segir áætlaðar að fjárhæð 2.244 millj.kr.

Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 265,1 millj.kr. Söluverð seldra rekstrarfjármuna er áætlað 62 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 871 millj.kr. og nýjar lántökur ársins eru áætlaðar 565 millj.kr. Í neðangreindri töflu má sjá skiptingu helstu framkvæmda á málaflokka.

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar sem áætlaðar eru á árinu 2010.	
Eignasjóður	
Íþróttavöllurinn við Engjaveg	83.500.000
Lokafrágangur Gámasvæði við Víkurheiði	25.000.000
Endurbygging Tryggvagötu Selfossi	13.300.000
Vörukaup BES á Stokkseyri	20.000.000
Fasteignafélag Árborgar	
Lokafrágangur við Sunnulækjarskóla	10.000.000
Lokafrágangur BES Stokkseyri	42.465.000
Fráveita	11.200.000
Vatnsveita	10.300.000
Hitaveita	51.200.000

VIII. Lokaorð

Markmiðin við gerð fjárhagsáætlunar eru skýr og miðast að því að standa vörð um og styrkja sveitarfélagið eins og kostur er við núverandi aðstæður. Til að ná þeim markmiðum þarf að treysta enn frekar rekstrarafkomu sveitarfélagsins. Nýta þarf rekstrarfjármagn sem allra best í þágu íbúanna og einungis er unnt að ráðast í hagkvæmar og arðbærar (samfélagslega og fjárhagslega) fjárfestingar sem skila okkur bættum aðstæðum og nýjum sóknarfærum í framtíðinni. Mikilvægt er að standa vörð um þá þjónustu og aðstöðu sem þegar er til staðar í sveitarfélaginu.

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2010 er ráð gert fyrir miklum niðurskurði í rekstri, annað árið í röð. Við gerð þess var áhersla lögð á ítrasta sparnað og miklu aðhaldi var beitt til að lágmarka halla á rekstri sveitarfélagsins. Megináhersla er lögð á að standa vörð um grunnþjónustu við íbúana með sérstakri áherslu á málefni barna og ungmenna og þeirra sem standa af einhverjum orsökum höllum fæti. Stór hluti starfsmanna sveitarfélagsins hefur orðið fyrir launaskerðingu, flestir vegna skerðingar á starfshlutfalli og/eða uppsögn á yfirvinnu. Fámennari hópur launahærri starfsmanna hefur samþykkt launalækkun annað árið í röð án þess að til komi minnkun á vinnuskyldu auk þess sem álag á sumum sviðum hefur aukist mikið í kjölfar ástandsins í samfélaginu. Flestar þessara aðgerða eru tímabundnar til eins árs. Það er þó ljóst að framundan er þörf enn frekari greiningar og endurskoðunar á þjónustustigi sveitarfélagsins og raunar mun það almennt gilda um sveitarfélög í landinu. Sem fyrr segir hefur menntamálaráðherra nú til skoðunar erindi frá Sambandi sveitarfélaga um endurskoðun á lögum um grunnskóla. Þar sem ekki liggur fyrir hvort menntamálaráðherra muni leggja fram frumvarp þessa efnis né heldur hvenær slíkar breytingar myndu taka gildi þá er ekki gert ráð fyrir þessari hagræðingu í fjárhagsáætlun Árborgar 2010 en um gæti verið að ræða hagræðingu um nokkra tugi milljóna fyrir sveitarfélagið. Starfandi er nefnd um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og er ástæða til að ætla að í framhaldi af því starfi geti komið til breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga sem styrkja myndu rekstrargrundvöll þeirra til framtíðar.

Síðari umræða fjárhagsáætlunar er áætluð þann 16. desember n.k. Vinna við gerð 3ja ára áætlunar er hafin og er áætlað að fyrri umræða um hana fari fram á bæjarstjórnarfundi í janúar n.k.. Vegna þess ástands sem er í efnahagsmálum í landinu og áhrifa þess á rekstur sveitarfélagsins má gera ráð fyrir að fjárhagsáætlun verði endurskoðuð eftir þörfum á árinu 2010.

Starfsfólki er þakkað fyrir gott samstarf og skilning á aðstæðum við gerð fjárhagsáætlunar.

Selfossi 9. desember 2009
Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri